

Ársreikningur Jeratúns ehf. árið 2021

Ársreikningur Jeratúns ehf. er gerður í samræmi við nýja og endurbætta staðla (IFRS/IAS) og túlkanir (IFRIC).

Ársreikningur Jeratúns ehf. fyrir árið 2021 var staðfestur af stjórn félagsins í dag, 30. mars 2022.

Jeratún ehf. er einkafyrirtæki í eigu Grundarfjarðarbæjar, Helgafellssveitar, Snæfellsbæjar og Stykkishólmsbæjar og bera þau ábyrgð á skuldbindingum þess. Hlutverk félagsins er bygging og rekstur skólahúsnæðis Fjölbautaskóla Snæfellinga í Grundarfirði. Starfsemi félagsins flokkast því undir að vera á vettvangi sveitarfélaga.

Hagnaður félagsins á árinu 2021 var 60.105 þús. kr. og í lok þess var eigið fé jákvætt sem nemur 348.873 þús. kr. skv. ársreikningi. Stjórnin mun ekki leggja til við hluthafafund félagsins að hlutafé verði aukið.

Lántaka félagsins er vegna fjármögnunar framkvæmda við Fjölbautaskóla Snæfellinga. Sveitarfélögin ásamt ríkinu greiða húsaleigu sem á að standa undir afborgunum og vöxtum af lánum. Í lok ársins námu eftirstöðvar lána um 110 millj. kr. og voru eftirstöðvar í skilum. Sveitarfélögin bera hlutfallslega ábyrgð á greiðslu lánanna.

Félagið er með leigusamning við Menntamálaráðuneytið og sveitarfélögin á Snæfellsnesi vegna fasteignarinnar til 31. júlí 2024. Núverandi leigugreiðslur eru 71.684 þús. kr. á ársgrundvelli og eru verðtryggðar með vísitölu neysluverðs.

Jakob Björgvin Jakobsson, er stjórnarformaður Jeratúns ehf. og veitir frekari upplýsingar um starfsemi þess og stöðu.

Jeratún ehf.

Lykiltölur úr ársreikningum 2017-2021

Rekstrarreikningur	2021	2020	2019	2018	2017
Tekjur	71.684	68.791	67.018	64.934	63.454
Rekstrargjöld	-7.709	-9.014	-7.017	-6.208	-7.302
Afskriftir	-4.510	-4.507	-4.495	-4.369	-4.358
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	-12.519	-13.613	-15.608	-19.527	-18.837
Hagnaður fyrir skatta	46.946	41.657	39.898	34.830	32.957
Tekjuskattur	13.159	-8.335	-4.824	0	0
Hagnaður ársins	60.105	33.322	35.074	34.830	32.957
Efnahagsreikningur					
Fastafjármunir	417.918	422.163	425.801	420.715	425.085
Veltufjármunir	53.408	32.333	32.931	29.345	23.328
Eignir samtals	471.326	454.496	458.732	450.060	448.413
Eigið fé	348.873	288.768	255.446	216.372	173.542
Langtímaskuldir og skuldbindingar	84.260	127.422	150.011	181.094	222.857
Skammtímaskuldir	38.193	38.306	53.275	52.594	52.014
Eigið fé og skuldir samtals	471.326	454.496	458.732	450.060	448.413
Yfirlit um sjóðstreymi					
Handbært fé frá (til) rekstri	58.798	52.322	43.411	45.917	41.185
Fjárfestingahreyfingar	0	0	0	0	-1.384
Fjármögnunarahreyfingar	-35.673	-50.737	-45.449	-39.927	-36.902
Handbært fé í árslok	51.948	28.823	27.238	29.276	23.287
Kennitölur					
Veltufjárhlutfall	1,40	0,84	0,62	0,56	0,45
Eiginfjárhlutfall	74,02%	63,54%	55,69%	48,08%	38,70%